

REGLUGERÐ

um skattfrelsi norrænna menningarverðlauna.

1. gr.

Eftirtalin norræn menningarverðlaun skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari þegar þau falla íslenskum ríkisborgurum í skaut:

1. Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.
2. Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs.
3. Norrænu leikskáldaverðlaunin.
4. Sonning verðlaunin.
5. Clara Lachmann verðlaunin.
6. Bjartsýnisverðlaun Bröstes.
7. Bókmenntaverðlaun sænsku akademíunnar.
8. Norrænu barnabókaverðlaunin.
9. Verðlaun Stofnunar í samanburðarlögfræði við Stokkhólmsháskóla.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 13/1976, um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, sbr. 64. gr. laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, öðlast þegar gildi og kemur fyrst til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1995 vegna tekna á árinu 1994, sbr. þó 2. mgr.

Þeir sem fengið hafa verðlaun skv. 1. gr. á árunum 1992 og 1993 og greitt hafa af þeim tekjuskatt og útsvar geta sótt um endurupptöku álagðra gjalda til skattstjóra, sem er heimilt að lækka tekjuskattsstofn til samræmis við reglu 1. gr.

Fjármálaráðuneytið, 13. febrúar 1995.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Hundahald í Bessastaðahreppi sætir þeim takmörkunum sem getið er um í samþykkt þessari.

2. gr.

Hundahald er háð leyfi hreppsnefndar, sem getur veitt lögráða einstaklingi, búsettum í hreppnum, leyfi til hundahalds. Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda skrifstofu Bessastaðahrepps, sem gefur út leyfið í umboði hreppsnefndar, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Leyfið er bundið við nafn og heimili lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það.
- b) Hundurinn skal skráður á skrifstofu sveitarfélagsins og fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem hundurinn skal ávallt bera um hálsinn. Eigi er skylt að sækja um leyfi fyrir hvölp áður en hann er þriggja mánaða gamall. Einnig skal tilkynna um ef hundur drepst eða er fluttur úr sveitarfélaginu.